



Byggðastofnun

Prúnarsvið

Alþingi
Eriundi nr. P 139/1146
komudagur 14.1.2011

Dagsetning
14. janúar 2011

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um sölu sjávarafla og fleira, mál 50.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Verði frumvarpið að lögum gæti það bætt samkeppnisstöðu innlendra fiskvinnslu og þannig aukið atvinnu víða um land, sem stofnunin telur afar æskilegt.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þrúnarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1127
komudagur 12.1.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 05.01.2011
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 14. desember 2010, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um sölu sjávarafla o.fl., 50. mál. Fiskistofa þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. Fiskistofa hefur yfirfarið frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að allur sjávarafli skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla. Rækja, humar og uppsjávarfisktegundir eru þó undanskildar frá þessari skyldu.

Lög nr. 79/2005 um uppboðsmarkaði sjávarafla gilda um fiskmarkaði eins þeir kallast almennt. Samkvæmt lögnum er það sjávarútvegsráðherra sem veitir leyfi til reksturs fiskmarkaða og skal ráðherra m.a. annars meta hvort skilyrði séu til frjálsar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða, sbr. 1. gr. laganna. Þá er í 3. gr. laganna kveðið á um þau skilyrði sem aðili þarf að uppfylla til að fá leyfi til reksturs fiskmarkaðar. Skilyrðin lúta að ríkisborgararétti og lögheimilisskyldu, (með tilteknum undanþágum), fjárræði aðila og forræði hans yfir búi sínu.

Í umræddum lögum er hvorki að finna ákvæði sem setur takmarkanir við eignaraðild að fiskmörkuðum né lágmarksskilyrði sem uppfylla þarf þannig að tryggt verði að fiskmarkaður geti með fullnægjandi hætti sinnt þeim verkefnum sem honum er ætlað að hafa. Atriði þessi snúa annars vegar að hlutleysi fiskmarkaða og hins vegar að því að fjárhagslegur styrkur þeirra sé nægilegur til að sinna lögbundnum verkefnum. Fiskistofa telur tilefni til að vekja athygli á, með tilliti til umrædds frumvarps, mikilvægi þess að fiskmarkaðir séu hlutlausir aðilar, þ.e. hafi ekki beina hagsmuni seljenda- eða kaupendamegin í viðskiptum með afla og hafi fjárhagslegan styrk til að sinna þeim verkefnum sem löggjöf gerir ráð fyrir að þeir sinni.

Enn fremur er vakin athygli á að fjöldi löndunarhafna þar sem afla var landa árið 2010 er 61 höfn. Fjöldi fiskmarkaða er hins vegar 26 þannig að ljóst er að staða útgerða getur verið nokkuð misjöfn með tilliti til fjarlægðar frá löndunarhöfn að næsta fiskmarkaði. Hér er jafnframt vakin athygli á að nokkuð er um að afli sé seldur í gegnum fiskmarkað án þess að hann sé fluttur á markaðinn.

Þá er rétt að geta þess að nokkuð óljóst er hvað átt er við með lokamálslið í a. lið 3. gr. sem hljóðar svo: „Heimilt er að selja afla í beinum viðskiptum í innlenda fiskvinnslu og skal þá


verð milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði.” Samkvæmt orðanna hljóðan virðist útgerðum heimilt að selja afla sinn í beinum viðskiptum enda sé kaupandi innlend fiskvinnsla án aðkomu stjórnvalda. Hins vegar virðist við lestur athugasemda tilefni til að draga í efa að það sé markmiðið með umræddu ákvæði. Sé það markmiðið að stjórnvöld eigi að veita umrædda heimild þarf að kveða á um það með skýrum hætti ásamt því að kveða á um skilyrði fyrir veitingu slíkrar heimildar. Í því samhengi er mikilvægt að tryggja að afgreiðsla slíkra erinda geti verið einföld í framkvæmd.

Einnig er athygli vakin á því að samkvæmt skilgreiningu á „fullunnum frystum afla“ í b. lið 3. gr. verður ekki annað séð en að hausskorinn karfi og haus- og sporðskorin grálúða, sem hvortveggja eru mjög algengar afurðir íslenskra vinnsluskipa, séu skilyrtar til sölu á innlendum fiskmarkaði.

Í IV. kafla frumvarpsins er 2. gr. laga nr. 24/1986 breytt, 3. grein felld niður en ekki gerðar aðrar breytingar á lögunum. Fiskistofa veur athygli á því að með þeirri breytingu virðist skiptahlutfall hjá vinnsluskipum sem landa afla erlendis verða 64% af heildarverðmæti en hjá vinnsluskipum sem landa afla sínum innanlands verði skiptahlutfallið 74,5% af fob-verðmæti eða 69% af cif-verðmæti.

Að svo stöddu gerir Fiskistofa ekki aðrar athugasemdir við þskj. 51 – 50. mál.

F. h. Fiskistofu



Eyþór Björnsson
fiskistofustjóri



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 139/1130
komudagur 12.1.2011

Reykjavík, 06.01.2011

Tilv. 90.13

JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um sölu sjávarafra ofl., 139. löggjafarþing 2010-2011

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 14. desember 2010 með beiðni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp til laga.

Engar athugasemdir eru gerðar við framlagt frumvarp.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Erindi nr. P 139/1131
komudagur 12.1.2011



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2011

Efni: Sala sjávaraflla o.fl. - þskj. 51 – 50. mál.


Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands Íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um sölu sjávaraflla o.fl., þingskjal 51, 50. mál.

Með þessu frumvarpi er m.a. lagt til að með lögum verði tekið fram fyrir hendur samtaka sjómanna og útvegsmanna sem hafa það verkefni að semja um kaup og kjör. Einnig er lagt til siglingar með Ísfisk á erlenda markaði sem eiga sér yfir hundrað ára sögu verði bannaðar. Við leggjumst gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga og erum reiðubúnir til að skýra það nánar, ef á þarf að halda.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Landssambands Íslenskra útvegsmanna

Alþingi
Erindi nr. P 139/1064
komudagur 5.1. 2011



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2011

Umsögn Matís ohf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um
nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum. Þskj. 51 — 50. mál.

Athugasemdir við eftirfarandi breytingar á 3. gr. laganna:

Grein 3b.

Ekki er gert ráð fyrir að heill eða hausskorinn fiskur teljist til fullunnins afla á frystiskipi. Bent er á að grálúða og karfi eru oftast nær unnin með þeim hætti og seld sem fullunnin vara á verðmæta markaði. Sama á við um stóra rækju, svokallað Japansrækju.

Virðingarfyllst,

Sveinn Margeirsson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/1128
komudagur 12.1.2011



Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. janúar 2011

Efni: Umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafra o.fl., 50. mál.

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 14. desember 2010 þar sem óskað er umsagnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafra o.fl.

Um I. kafla frumvarpsins.

SFÚ fagnar þeim breytingatillögum sem fram koma í I. kafla frumvarpsins. Er það skoðun SFÚ að sú breyting sem þar er boðuð sé skref í rétta átt til að leiðrétta þá samkeppnislegu mismunun sem SFÚ telur innbyggða í núgildandi lagaumgjörð greinarinnar.

Úthlutun aflaheimilda er úthlutun á gæðum sem eru af skornum skammti og aðgangshindranir talsverðar að veiðunum. Fyrirtæki sem reka útgerð reka mörg hver fiskvinnslur samhliða útgerðinni og kaupa hráefnið í fiskvinnsluna í raun af eigin bátum á mun lægra verði en markaðsverði, í skjóli laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Um hlutverk Verðlagsstofu segir í 1. gr. laganna „Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Svokallað Verðlagsstofuverð hefur verið talið lágmarksverð í beinum viðskiptum með afla, oftast nær á milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila. Þó Verðlagsstofuverð sé uppgæfið sem lágmarksverð má segja að það verð sé engu að síður það verð sem almennt er notað í viðskiptum milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila.

Verðlagsstofuverð hefur alla jafna verið umtalsvert undir því verði sem almennt gildir á opnum mörkuðum. Aðili sem stundar bæði veiðar og vinnslu er því að fá hráefni á lægra verði en aðrar fiskvinnslur. Þessi tvöfalda verðlagning skekkir samkeppnisstöðuna verulega og veitir handhafa aflaheimilda samkeppnislegt forskot sem hann getur síðan nýtt sér til að halda verði á opnum fiskmarkaði háu og eins með undirboðum á fullunninni vöru hjá erlendum kaupendum. Að auki felst ákveðið samkeppnislegt forskot í því að fá úthlutað aflaheimildum og með því tryggt hráefni í sína vinnslu.



Úthlutun aflaheimilda eftir lögum um stjórn fiskveiða og í framhaldinu verðlagning milli útgerðar og fiskvinnslu í skjóli laga nr. 13/1998 um verðlagsstofu, veitir því þeim aðila sem hefur á höndum bæði útgerð og vinnslu samkeppnislegt forskot á þann sem einungis rekur fiskvinnslu og kaupir sitt hráefni á frjálsum markaði. Má færa fyrir því gild rök að þessi tilhögun sé andstæð jafnræðisreglu stjórnarskrár, hún vegi að atvinnufrelsi manna og sé andstæð markmiðum samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með afnámi Verðlagsstofuverðs og upptöku markaðsverðs yrði samkeppnisstaða fiskvinnslu jöfnuð auk þess sem sjómenn fengju það sama greitt fyrir afla hvort heldur sem afli væri seldur í beinum viðskiptum eða á fiskmarkaði. Óeðlilegt verður að telja að sjómenn sem vinna nákvæmlega sömu störf og landa nákvæmlega sama afla séu á mismunandi launum eftir því hvort skipið er í eigu aðila sem jafnframt á vinnslu eða ekki. Jafnframt verður að telja óásættanlegt að slík kjaramismunun sé auk þess varin af lögum. Slíka mismunun verður að telja andstæða jafnræðisreglu stjórnarskrár.

Um II. kafla frumvarpsins.

Hvað varðar II. Kafla frumvarpsins bendir SFÚ á að ekki hefur verið skipað í Verðlagsráð sjávarútvegsins skv. lögum nr. 43/1985 síðustu 15-20 ár. Ef hugmyndin er að endurvekja Verðlagsráð sjávarútvegsins verður jafnframt að benda á að þeir fiskkaupendur sem skipa eiga Verðlagsráð og taldir eru upp í 5. gr. frumvarpsins eru ekki lengur starfandi.

Um III. kafla frumvarpsins.

Bendi á athugasemd hér að framan um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

II. Annað

Að svo komnu máli hafa SFÚ ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér að lokum rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elín Björg Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri





Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ hafa frá stofnun samtakanna fyrir 16 árum barist fyrir fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu og réttlátu samkeppnisumhverfi í greininni. Hafa samtökin ásamt einstökum félagsmönnum í allnokkur skipti skotið málum sínum til Samkeppniseftirlitsins og til dómstóla án þess að efnisleg niðurstaða hafi fengist.¹ Í álit nr. 6/1996 beindi þó Samkeppnisstofnun þeim tilmælum til sjávarútvegsráðuneytis að ákveðnar úrbætur yrðu gerðar til að jafna samkeppnisstöðu í greininni án þess að úrbætur yrðu að veruleika.

Segja má að fiskvinnsla í landinu sé með tvennum hætti. Annarsvegar vinnslur sem kaupa hráefni af útgerðum í eigu sömu aðila en hinsvegar vinnslur sem kaupa allt sitt hráefni á mörkuðum. Mikill aðstöðumunur og samkeppnisleg mismunur ríkir milli þessara vinnsla eftir því hvort vinnslan er í eigu útgerðaraðila eða ekki. Er það mat samtakanna að þessi samkeppnislega mismunur sé bein afleiðing laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Þeir aðilar sem fá útgefnar aflaheimildir samkv. lögum nr. 116/2006 og eiga bæði útgerð og vinnslu hafa verðlagt hráefnið inn í sínar vinnslur á umtalsvert lægra verði en almennt verð á opnum fiskmörkuðum.² Hefur þessi undirverðlagning viðgengist í skjóli laga nr. 13/1998 um verðlagsstofuverð. Að auki hafa útgerðaraðilar getað beitt ýmsum tilfæringum til að fényta sér aflaheimildir til niðurgreiðslu á hráefni í sínar vinnslur líkt og lesa má í skýrslu SFÚ frá árinu 2000 sem finna má á heimasíðu samtakanna <http://www.sfu.is/hagnytar-upplýsingar/utgefid-efni/>. Er skýrslan, þó 11 ára sé, enn í fullu gildi fyrir utan að fjárhæðir hafa breyst.

Svokallað verðlagsstofuverð hefur verið talið lágmarksverð í beinum viðskiptum með afla, oftast nær á milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila. Þó verðlagsstofuverð sé uppgefið sem lágmarksverð má segja að það verð sé engu að síður það verð sem almennt er notað í viðskiptum milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila.

Verðlagsstofuverð hefur alla jafna verið umtalsvert undir því verði sem almennt gildir á opnum mörkuðum. Aðili sem á stundar bæði veiðar og vinnslu er því að fá hráefni á lægra verði en aðrar fiskvinnslur. Þó svo að heimildin sé ekki bundin við það að útgerð og vinnsla séu í eigu sömu aðila má nokkuð ljóst vera að fátítt sé að útgerð semji um undirverðlagningu hráefnis til óskylds aðila þegar umtalsvert hærra verð fæst fyrir hráefnið á opnum fiskmarkaði. Bein viðskipti á undirverði er því fyrst og fremst bundin við aðila sem á hvort tveggja útgerðina og vinnsluna. Þessi tvöfalda verðlagning skekkir samkeppnisstöðu í fiskvinnslu verulega og veitir handhafa aflaheimilda samkeppnislegt forskot sem hann getur síðan nýtt sér til að halda verði á opnum fiskmarkaði háu og eins með undirboðum á fullunninni vöru hjá erlendum kaupendum.

¹ Sbr. m.a. Hd Reykjavíkur mál nr. E-6160/1998, Hrd 345/1999. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála mál nr. 8/2000, Hrd 132/2001. Álit Samkeppnisstofnunar nr. 6/1996 og úrskurður Samkeppniseftirlits nr. 21/2005.

² Sjá fylgiskjal 1. Verð á fiskmörkuðum og í beinum viðskiptum.



Að auki felst ákveðið samkeppnislegt forskot í því að fá úthlutað aflaheimildum og með því tryggt hráefni í sína vinnslu.

Til að útskýra nánar um hvaða mismunur er hér að ræða má líta á eftirfarandi dæmi þar sem aflaheimildir eins fyrirtækis er rekur bæði útgerð og fiskvinnslu eru skoðaðar. Sjá jafnframt fylgiskjal 2.³ Undanskildar eru þær tegundir þar sem verð er ekki þekkt ásamt uppsjávarafra og úthafsraekju. Aflaheimildir og verð eru miðuð við síðasta heila kvótaár frá 1. sept 2009 til 31. ágúst 2010. Þó hér sé einungis eitt fyrirtæki skoðað má benda á að það sama gildir um öll önnur fyrirtæki í sömu stöðu.

	Magn í tonnum	Verð á markaði	verð í beinum viðskiptum	Heildar markaðsverð	Heildar innkaupsverð bein viðskipti	Mismunur / samkeppnislegt forskot
Þorskur	7503	310,14	242,59	2.326.980.420,00	1.820.152.770,00	506.827.650,00
Ýsa	1417	266,45	189,66	377.559.650,00	268.748.220,00	108.811.430,00
Ufsi	1886	167,42	143,66	315.754.120,00	270.942.760,00	44.811.360,00
Guilkarfi	4107	194,93	150,11	800.577.510,00	616.501.770,00	184.075.740,00
Steinbítur	115	150,47	205,23	17.304.050,00	23.601.450,00	-6.297.400,00
Grálúða	1479	334,19	132,06	494.267.010,00	195.316.740,00	298.950.270,00
Sandkoli	0	0	0	0,00	0,00	0,00
Skráþfiúra	1	59,9	35,78	59.900,00	35.780,00	24.120,00
Skarkoli	233	145,75	135,75	33.959.750,00	31.629.750,00	2.330.000,00
Þykkvalúra	40			0,00	0,00	0,00
Langlúra	3	143,79	139,93	431.370,00	419.790,00	11.580,00
Keila	2	117,19	85,55	234.380,00	171.100,00	63.280,00
Langa	29	165,04	122,89	4.786.160,00	3.563.810,00	1.222.350,00
Skötuselur	2	377,92	393,22	755.840,00	786.440,00	-30.600,00
Síld	5323			0,00	0,00	0,00
Loðna				0,00	0,00	0,00
Úthafsraekja	887			0,00	0,00	0,00
Samkeppnislegt forskot á ári						1.140.799.780,00
Samkeppnislegt forskot hvern vinnsludag, miðað við 250 vinnsludaga á ári						4.563.199,12

Af þessum útreikningum má ráða að þessi tiltekna vinnsla er að kaupa inn sitt hráefni á rúmlega 1,1 milljörðum lægra verði en vinnsla án útgerðar þyrfti að greiða fyrir sama magn, eða rétt um 4,5 milljónir hvern einasta vinnsludag. Að auki lækkar afkoma útgerðarinnar um sömu upphæð

³ Sjá fylgiskjal 2.



en benda má á að 1,1 milljarður króna er hærri upphæð en allar útgerðir landsins greiða samanlagt í veiðigjald/auðlindagjald til ríkisins.

Það má því benda á að þessi tiltekna fiskvinnsla hefur 1,1 milljarða í samkeppnisforskot á sambærilega vinnslu án útgerðar. Þetta forskot hefur vinnslan nýtt sér til að halda verði á fiskmörkuðum háu og hefur svigrúm (1,1 milljarða) til að greiða umtalsvert hærra verð fyrir hráefni af fiskmarkaði en vinnsla sem kaupir allt sitt hráefni á fiskmarkaði. Stóru útgerðarfyrirtækin s.s. HB Grandi, Vísir hf, Brim hf, Samherji o.fl. eru raunverulega meðal stærstu kaupenda hráefnis á fiskmörkuðum og greiða þar almennt hæstu verðin, þrátt fyrir að hafa forgang að umtalsvert stórum hluta alls sjávarafla. Því til staðfestingar má benda á að þann 9. mars s.l. keypti Samherji tæp 10 tonn af þorski á fiskmarkaði á u.þ.b. 450 kr./kg. á sama tíma og þeir kaupa þorsk af eigin útgerð á u.þ.b. 250 kr./kg. Benda má á að 450 kr./kg. er með allra hæstu verðum á fiskmörkuðum og umtalsvert yfir almennum meðalverðum.

Að auki hafa vinnslur stóru útgerðaraðilana komið inn á markaði fyrir fullunnar vörur og undirboðið þær vinnslur sem kaupa allt sitt hráefni á fiskmörkuðum, þannig bolað þeim út af ákveðnum mörkuðum og eyðilagt áralöng viðskipti. Hefur SFÚ mýmörg dæmi um slík undirboð þar sem stóru útgerðarvinnslurnar undirbjóða um allt að 1-3 Pund/Evrur á kílóíð. Er þeim þetta mögulegt í ljósi lágs hráefnisverðs þar sem hráefni er langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn. (allt að 85% hjá þeim sem kaupa sitt hráefni á mörkuðum.)

Úthlutun aflaheimilda eftir lögum um stjórn fiskveiða og í framhaldinu verðlagning milli útgerðar og fiskvinnslu í skjóli laga nr. 13/1998 um verðlagsstofu, veitir því þeim aðila sem hefur á höndum bæði útgerð og vinnslu augljóslega samkeppnislegt forskot á þann sem einungis rekur fiskvinnslu og kaupir sitt hráefni á frjálsum markaði. Má færa fyrir því gild rök að þessi tilhögun sé andstæð jafnræðisreglu stjórnarskrár, hún vegi að atvinnufrelsi manna og sé andstæð markmiðum samkeppnislaga nr. 44/2005.

Telja SFÚ að eðlilegast yrðir að afnema verðlagsstofuverð og taka upp markaðsverð sem tæki að fullu mið af verði á opnum fiskmarkaði á söludegi. Slíkt myndi jafna samkeppnisstöðu fiskvinnsla auk þess sem sjómenn fengju það sama greitt fyrir afla hvort heldur sem afli væri seldur í beinum viðskiptum eða á fiskmarkaði. Óeðlilegt verður að telja að sjómenn sem vinna nákvæmlega sömu störf og landa nákvæmlega sama afla séu á mismunandi launum eftir því hvort skipið er í eigu aðila sem jafnframt á vinnslu eða ekki. Jafnframt verður að telja óásættanlegt að slík kjaramismunun sé auk þess varin af lögum. Slíka mismunun verður að telja andstæða jafnræðisreglu stjórnarskrár.

Þó svo að allur fiskur yrði seldur í gegnum fiskmarkaði má ólíklegt telja að slíkt myndi leiða til verðlækkunar þar sem framboð á heildarafra yrði það sama og eftirspurnin sú sama. Markaður



með afla er í dag seljendamarkaður þar sem umfram eftirspurn er eftir hráefni, það mun ekki breytast með því einu að taka upp aðrar aðferðir við uppgjör og sölu á aflanum.

Að ofansögðu má ljóst vera að um er að ræða gríðarlega fjármuni og hagsmuni. Eins og staðan er nú er útlit fyrir að framundan séu hópuppsagnir starfsfólks og margar af þeim vinnslum sem fá hráefni sitt eingöngu á fiskmörkuðum þurfi að loka og hætta vinnslu vegna þess aðstöðumunar sem varin er af lögum nr. 116/2006 og 13/1998. Þrátt fyrir að þessar vinnslur séu þær vinnslur sem mest hafa hagrætt, skili hæstu útflutningsverðmætum og selji inn á dýrustu markaðina.

Hér að ofan hefur einungis verið tæpt á þessum tiltekna ágalla á fiskveiðistjórnunarkerfinu. SFÚ hefur í fórum sínum ótal önnur talmöggn og upplýsingar er varpað geta ljósi á ágalla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis.

Fylgiskjölín hér á eftir eru þau talmöggn sem unnið var eftir.

Kveðja

Stjórn SFÚ



Elin Björg Ragnarsd.



Fylgiskjal 1

Meðalverð : Þorskur ósl. í janúar 2010 til desember 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
jan. 2010	243,36	2.851	316,20	2.277	275,70
feb. 2010	249,87	2.754	309,29	1.491	270,75
mar. 2010	257,31	2.349	312,70	1.780	281,19
apr. 2010	255,84	1.740	304,83	1.476	278,32
maí. 2010	257,64	2.314	303,16	2.492	281,24
jún. 2010	261,62	1.813	316,91	1.853	289,57
júl. 2010	268,03	1.103	303,53	1.479	288,37
ágú. 2010	258,02	1.579	296,73	1.441	276,49
sep. 2010	247,96	1.827	313,70	1.351	275,91
okt. 2010	258,16	1.599	316,00	1.128	282,08
nóv. 2010	257,53	2.191	318,07	1.540	282,52
des. 2010	262,02	1.498	329,03	1.154	291,17
Meðalverð og magn	255,21	23.619	311,20	19.463	280,51

Meðalverð : Þorskur sl. í janúar 2010 til desember 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
jan. 2010	240,81	7.433	346,67	1.140	254,88
feb. 2010	270,87	8.923	342,51	1.016	278,19
mar. 2010	268,19	9.324	342,78	1.532	278,72
apr. 2010	264,17	5.139	319,98	1.094	273,96
maí. 2010	276,49	4.916	311,23	1.072	282,71
jún. 2010	267,88	2.791	330,01	532	277,83
júl. 2010	263,04	1.103	311,88	426	276,66
ágú. 2010	248,79	3.684	314,83	431	255,71
sep. 2010	252,35	6.280	317,64	529	257,42
okt. 2010	242,81	7.501	341,83	540	249,46
nóv. 2010	240,11	8.203	343,49	602	247,18
des. 2010	236,37	5.643	359,23	357	243,69
Meðalverð og magn	254,98	70.942	332,63	9.272	263,95



Meðalverð : Ýsa ósl. í janúar 2010 til desember 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
jan. 2010	187,76	898	270,96	1.919	244,43
feb. 2010	201,44	477	284,00	1.704	265,94
mar. 2010	207,41	639	279,18	1.988	261,72
apr. 2010	222,26	336	292,68	765	271,18
maí. 2010	201,49	484	269,12	1.191	249,58
jún. 2010	220,19	398	296,79	814	271,62
júl. 2010	230,76	421	260,51	727	249,60
ágú. 2010	224,37	680	250,79	1.313	241,78
sep. 2010	208,04	934	247,22	1.307	230,89
okt. 2010	216,36	904	255,15	1.117	237,80
nóv. 2010	216,85	1.062	245,58	1.503	233,69
des. 2010	228,55	773	259,35	1.198	247,27
Meðalverð og magn	212,80	8.007	267,05	15.547	248,60

Meðalverð : Ýsa sl. í janúar 2010 til desember 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
jan. 2010	198,51	1.172	280,93	266	213,75
feb. 2010	211,95	1.483	288,58	444	229,60
mar. 2010	202,36	1.578	274,52	739	225,38
apr. 2010	210,33	1.370	291,07	547	233,37
maí. 2010	206,14	1.732	244,15	833	218,49
jún. 2010	202,00	780	261,79	394	222,06
júl. 2010	211,79	186	233,69	224	223,75
ágú. 2010	222,10	345	228,63	235	224,75
sep. 2010	217,82	826	244,12	248	223,88
okt. 2010	205,60	905	253,63	313	217,94
nóv. 2010	200,56	1.240	250,66	420	213,23
des. 2010	189,67	786	251,96	256	204,98
Meðalverð og magn	205,50	12.404	261,69	4.919	221,46

⁴ Gögn sótt af www.verdlagsstofa.is þann 9. mars 2011.



Fylgiskjal 2

Sjá vef Fiskistofu: http://www.fiskistofa.is/skip_aflastodur.php

Úthlutað aflamark í tonnum	Samhæfing	2009 - 2010
Innan landhelginnar		Hlutdeild
Þorskur	7.503	6,29%
Ýsa	1.417	2,86%
Ufsi	1.886	4,63%
Gullkarfi	4.107	8,21%
Steinbítur	115	1,17%
Grálúða	1.479	13,39%
Sandkoli	0	0,00%
Skrápfílúra	1	0,09%
Skarkoli	233	3,90%
Þykkvalúra	40	2,00%
Langlúra	3	0,16%
Keila	2	0,05%
Langa	29	0,51%
Skótuselur	2	0,10%
Sild	5.323	13,31%
Loðna *		9,19%
Úthafsækja	887	12,67%
Samtals þorskígildi innan lögsögu	17.618	

Sótt af vef fyrirtækisins 4. Mars 2011

Verðgrunnur í útreikningum í töflu 1.

Sótt af vef Verðlagsstofu skiptaverðs 15. Mars 2011 www.verdlagsstofa.is

Meðalverð : Þorskur ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	183,41	1.537	303,30	1.561	243,82
okt. 2009	204,25	1.527	319,66	1.487	261,20
nóv. 2009	220,01	1.244	326,58	1.282	274,12
des. 2009	227,58	1.603	310,17	1.325	264,95
jan. 2010	243,36	2.851	316,20	2.277	275,70
feb. 2010	249,87	2.754	309,29	1.491	270,75
mar. 2010	257,31	2.349	312,70	1.780	281,19
apr. 2010	255,84	1.740	304,83	1.476	278,32
maí. 2010	257,64	2.314	303,16	2.492	281,24
jún. 2010	261,62	1.813	316,91	1.853	289,57
júl. 2010	268,03	1.103	303,53	1.479	288,37
ágú. 2010	258,02	1.579	296,73	1.441	276,49
Meðalverð og magn	242,59	22.412	310,14	19.945	274,40



Meðalverð : Ýsa ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegjð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	154,76	1.140	227,19	1.741	198,52
okt. 2009	167,41	1.306	265,99	1.553	220,97
nóv. 2009	171,56	1.132	258,22	1.342	218,57
des. 2009	193,65	1.075	261,21	1.311	230,78
jan. 2010	187,76	898	270,96	1.919	244,43
feb. 2010	201,44	477	284,00	1.704	265,94
mar. 2010	207,41	639	279,18	1.988	261,72
apr. 2010	222,26	336	292,68	765	271,18
maí. 2010	201,49	484	269,12	1.191	249,58
jún. 2010	220,19	398	296,79	814	271,62
júl. 2010	230,76	421	260,51	727	249,60
ágú. 2010	224,37	680	250,79	1.313	241,78
Meðalverð og magn	189,66	8.987	266,45	16.369	239,23

Meðalverð : Ufsi ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegjð meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	100,82	122	133,44	114	116,56
okt. 2009	124,28	196	143,97	43	127,83
nóv. 2009	148,27	447	173,92	77	152,05
des. 2009	104,82	32	172,05	57	147,82
jan. 2010	126,91	29	166,38	69	154,67
feb. 2010	142,23	24	187,48	127	180,32
mar. 2010	117,82	139	190,60	180	158,86
apr. 2010	139,06	48	181,74	167	172,21
maí. 2010	146,05	291	171,87	443	161,64
jún. 2010	160,79	504	180,38	516	170,70
júl. 2010	151,65	363	147,35	395	149,41
ágú. 2010	145,03	228	141,94	222	143,50
Meðalverð og magn	143,66	2.423	167,42	2.411	155,51



Meðalverð : Gullkarfi ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	115,33	1.285	144,29	359	121,65
okt. 2009	130,33	1.006	189,27	297	143,76
nóv. 2009	143,22	745	211,82	207	158,14
des. 2009	153,05	387	234,95	161	177,11
jan. 2010	145,80	557	213,69	295	169,31
feb. 2010	157,25	1.392	201,77	310	165,36
mar. 2010	161,77	1.483	221,71	325	172,56
apr. 2010	161,45	1.617	240,10	228	171,18
maí. 2010	157,33	800	212,89	290	172,13
jún. 2010	158,95	871	182,71	279	164,72
júl. 2010	156,97	942	150,48	248	155,62
ágú. 2010	156,56	845	166,71	268	159,00
Meðalverð og magn	150,11	11.929	194,93	3.267	159,74

Meðalverð : Steinbítur ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	124,67	62	169,60	47	144,15
okt. 2009	162,23	28	273,86	27	217,65
nóv. 2009	168,59	9	247,13	17	219,92
des. 2009	187,18	24	290,45	50	256,44
jan. 2010	134,00	55	225,67	91	191,05
feb. 2010	121,52	173	176,48	63	136,14
mar. 2010	132,90	374	207,74	124	151,55
apr. 2010	159,13	765	200,66	88	163,41
maí. 2010	154,04	680	169,71	65	155,41
jún. 2010	144,70	349	177,84	50	148,84
júl. 2010	149,37	106	169,10	43	155,12
ágú. 2010	190,10	146	209,41	39	194,14
Meðalverð og magn	150,47	2.771	205,23	704	161,57



Meðalverð : Grálúða ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	150,90	0	259,00	0	241,77
okt. 2009	309,28	0	367,57	0	326,99
nóv. 2009	259,00	0		0	259,00
des. 2009		0	227,17	0	227,17
jan. 2010	244,69	0	405,00	0	255,96
feb. 2010	205,32	0	386,15	0	270,67
mar. 2010	245,09	0	384,36	0	285,41
apr. 2010	280,00	0		0	280,00
maí. 2010	112,30	1	405,57	0	187,32
jún. 2010	73,48	1	311,37	1	154,33
júl. 2010	70,00	0		0	70,00
ágú. 2010	70,00	0		0	70,00
Meðalverð og magn	132,06	3	334,19	1	193,75

Meðalverð : Skrápflúra ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	50,89	1	3,00	0	49,10
okt. 2009	32,01	2		0	32,01
nóv. 2009	52,86	0		0	52,86
des. 2009	18,38	0		0	18,38
jan. 2010	18,65	1		0	18,65
feb. 2010	52,09	0		0	52,09
mar. 2010	50,96	0	7,00	0	49,29
apr. 2010	37,48	1	63,09	3	55,98
maí. 2010	40,61	4	43,16	0	40,84
jún. 2010	32,53	8		0	32,53
júl. 2010	35,84	0	10,00	0	33,76
ágú. 2010	41,45	4		0	41,45
Meðalverð og magn	35,78	22	59,90	3	38,92



Meðalverð : Skarkoli ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	146,27	0	93,61	1	97,02
okt. 2009	133,91	0	129,14	0	133,05
nóv. 2009	142,01	1	25,24	0	130,48
des. 2009	17,78	0		0	17,78
feb. 2010	126,90	0	111,33	0	112,76
mar. 2010	112,16	0	147,62	1	141,40
apr. 2010	102,55	1	168,49	2	155,28
maí. 2010	109,89	2	81,84	2	97,75
jún. 2010	148,84	0	140,25	0	142,42
júl. 2010	275,21	1	181,06	3	195,38
ágú. 2010	138,79	0	153,23	1	149,04
Meðalverð og magn	135,75	4	145,23	9	142,18

Meðalverð : Langlúra ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	140,70	68	89,01	27	126,10
okt. 2009	143,66	11	93,50	28	107,88
nóv. 2009	109,54	8	160,39	20	145,70
des. 2009	165,80	5	158,54	8	161,15
jan. 2010	103,73	1	145,43	9	141,06
feb. 2010	178,88	5	221,03	7	204,04
mar. 2010	161,99	9	220,86	28	206,93
apr. 2010	161,55	5	201,78	31	196,33
maí. 2010	134,25	41	119,09	32	127,58
jún. 2010	139,20	43	150,17	20	142,68
júl. 2010	147,10	38	115,88	15	138,28
ágú. 2010	127,99	34	100,15	23	116,86
Meðalverð og magn	139,93	268	143,79	248	141,79



Meðalverð : Keila ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	83,69	44	93,34	65	89,44
okt. 2009	80,98	43	126,55	70	109,26
nóv. 2009	83,64	34	132,75	77	117,64
des. 2009	80,53	32	116,26	89	106,73
jan. 2010	82,12	37	105,42	77	97,82
feb. 2010	88,19	53	120,95	55	104,88
mar. 2010	87,33	32	135,99	32	111,78
apr. 2010	88,22	25	141,00	18	110,58
maí. 2010	83,77	45	121,90	96	109,63
jún. 2010	101,08	15	107,92	33	105,75
júl. 2010	81,72	5	101,94	13	96,37
ágú. 2010	99,32	17	106,73	47	104,78
Meðalverð og magn	85,55	382	117,19	672	105,71

Meðalverð : Langa ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegið meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	122,39	80	144,68	103	134,89
okt. 2009	112,87	67	154,74	57	132,18
nóv. 2009	122,16	47	168,17	75	150,34
des. 2009	117,24	39	150,26	116	142,03
jan. 2010	116,73	51	142,94	112	134,76
feb. 2010	119,39	115	166,44	73	137,65
mar. 2010	119,32	81	211,93	52	155,34
apr. 2010	130,22	40	204,21	33	163,55
maí. 2010	133,62	75	181,75	60	155,01
jún. 2010	158,19	24	176,60	37	169,30
júl. 2010	128,92	16	157,73	15	143,16
ágú. 2010	121,25	51	184,39	78	159,31
Meðalverð og magn	122,89	686	165,04	810	145,71



Meðalverð : Skötusalur ósl. í september 2009 til ágúst 2010

	Selt beint til fiskverkenda		Selt á innlendum mörkuðum		Vegid meðalverð
	verð (kr)	tonn	verð (kr)	tonn	
sep. 2009	402,17	0	346,79	0	365,92
okt. 2009	401,40	0	310,03	0	342,17
nóv. 2009	102,38	0	354,19	0	204,97
des. 2009	434,11	0	513,45	0	480,27
jan. 2010	463,42	0	347,52	0	399,45
feb. 2010	218,63	0	180,10	0	186,73
mar. 2010	523,81	0	459,25	1	462,65
apr. 2010	491,86	0	328,07	0	390,89
maí. 2010	424,63	0	391,86	0	411,04
jún. 2010	393,54	1	283,05	0	382,48
júl. 2010	419,08	1	312,00	0	415,01
ágú. 2010	345,06	0	346,69	0	346,18
Meðalverð og magn	393,22	3	377,92	2	386,21

Alþingi
Erindi nr. P 139/1129
komudagur 12.1.2011

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. janúar 2011

Efni: Umsögn Samtaka íslenskrar fiskimanna um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafla o.fl., 50. mál.

Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 14. desember 2010 þar sem óskað er umsagnar Samtaka íslenskra fiskimanna um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafla.

Um I. kafla frumvarpsins.

Samtök íslenskra fiskimanna lýsa yfir stuðningi við 1. kafla frumvarpsins. Enda er það skref í rétta átt varðandi heilbriggt viðskiptaumhverfi í sjávarútvegi og jafnframt afar atvinnuskapandi.


Um II. kafla frumvarpsins.


Um II. kafla er lítið að segja enda er ekki lengur stuðst við lög nr. 43/1985. Við teljum eðlilegt að þau lög séu felld úr gildi.

Annað.

Samtök íslenskra fiskimanna áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Jafnframt lýsa samtökin sig reiðubúin til fundar um efnið sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,


Snæbjörn Þór Ingvarsson
Ritari



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 139/1065

frumdagur 5.1.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. janúar 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu sjávarafli o.fl., 50. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að afli, annar en rækja, humar og uppsjávarafli verði seldur á innlendum fiskmörkuðum. Þó er heimilt, skv. frumvarpinu, að selja afla í beinni sölu til innlendar fiskvinnslu og skal þá verðið taka mið af markaðsverði aflans á söludegi. Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á lögum nr. 57/1996, lögum nr. 43/1985, lögum nr. 79/2005 og lögum nr. 24/1986. Frumvarpið er allrar athygli vert, en Sjómannasamband Íslands gerir þó nokkrar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins virðist gleymast að nokkur hluti afla sem fluttur er óunninn úr landinu er fluttur út fullvígtaður til erlendar fiskvinnslu, jafnvel í eigu þeirra sem flytja aflann út. Þegar afli hefur verið fullvígtaður hér á landi er ekkert í núgildandi lögum sem kemur í veg fyrir að aflinn sé fluttur óunninn úr landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur afli, að undanskildum þeim tegundum sem taldar eru upp í a lið 3. gr., sé seldur á innlendum fiskmarkaði eða taki mið af markaðsverði á löndunardegi. Ekkert í frumvarpinu kemur því í veg fyrir að íslensk fiskvinnsla kaupi aflann og sendi hann síðan óunninn úr landi eftir fyrstu sölu. Sjómannasamband Íslands hafnar því þeirri hugmynd frumvarpshöfunda að banna fyrstu sölu á óunnum fiski á erlendum fiskmörkuðum, en mælist þess í stað til þess að bein viðskipti með óunninn fisk til erlendar fiskvinnslu verði takmörkuð eða stöðvuð.

Varðandi a lið 3. gr. frumvarpsins ítrekar Sjómannasamband Íslands þá afstöðu sína að allan afla eigi að selja á uppboðsmarkaði innanlands eða á erlendum fiskmörkuðum sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til vigtunar á afla. Sjómannasamband Íslands getur tekið undir þá skoðun að heimila eigi bein viðskipti enda taki verð milli seljanda og kaupanda óunnins afla mið af markaðsverði á söludegi aflans. Í þeim tilvikum sem afli er seldur í beinum viðskiptum til erlendar fiskvinnslu ætti þó taka mið af markaðsverði í því landi sem aflinn er fluttur til og miða við markaðsverð á afhendingardegi aflans. Varðandi þær tegundir sem frumvarpið undanskilur frá markaðssölu þá hlýtur það að vera markmið til framtíðar litið að þær tegundir verði einnig seldar í gegn um fiskmarkað eða verð á þeim taki mið af markaðsverði. Því er tímabært að hefja þá þróun sem þarf að verða til að af því geti orðið. Fyrsta skrefið í þeirri þróun er að setja lög um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu.

Í 4., 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru löngu orðin úrelt og þau samtök sem skilgreind eru sem kaupendur afla eru í flestum tilvikum ekki til í dag. Þó svo að lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins séu enn til hefur ráðið ekki komið saman í meira en áratug enda gæti orðið vandkvæðum háð að finna út hverjir ættu að sitja kaupendamegin í ráðinu. Staðreyndin er sú að stærstur hluti fiskvinnslunnar er í eigu


útgerðarinnar á Íslandi og því eru útgerðarmenn í reynd kaupendur aflans. Í dag er viðmiðunarverð á þeim fisktegundum sem ástæða hefur þótt til að verðleggja með beinum hætti ákveðið af úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sbr. II. kafla laga nr. 13/1998, með síðari breytingum. Í þessari úrskurðarnefnd eru útgerðarmenn skilgreindir sem kaupendur aflans, enda eru þeir það í reynd. Breytingar á lögnum um Verðlagsráð sjávarútvegsins hafa því enga þýðingu að mati Sjómannasambands Íslands og væri nær, eins og áður hefur verið bent á, að stefna að því að allur affli verði verðlagður í gegn um uppboðsmarkaði á fiski, innanlands eða erlendis.

Sjómannasamband Íslands hafnar alfarið 9. grein frumvarpsins er varðar breytingu á lögnum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Verði þessi grein frumvarpsins að lögum er verið að ráðast freklega að kjarasamningum sjómanna og skerða verulega gildandi kjarasamning um skiptakjör komi til þess að frystiskip landi afla erlendis.

Sjómannasamband Íslands vonar að greinin sé sett fram vegna vanþekkingar frumvarpshöfunda en ekki hafi verið meiningin að ráðast gegn gildandi kjörum sjómanna á frystiskípum með því að setja þessa grein inn í frumvarpið. Er því mælt til að greinin verði felld brott úr frumvarpinu.

Að öðru leyti en að framan greinir tjáir Sjómannasamband Íslands sig ekki frekar um frumvarpið á þessu stigi málsins.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 139/1153
komudagur 17.1.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um sölu sjávarafla o.fl. (50. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á ýmsum reglum um sölu sjávarafla.

Ofangreint frumvarp er sett fram með það að markmiði að hámarka arð þjóðarinnar af auðlindum sjávar og efla atvinnustarfsemi innan lands. Einnig vísa frumvarpshöfundar til þess að frumvarpið hefði í för með sér bætt aðgengi og samkeppnisaðstöðu innlendra fiskvinnslustöðva. Frumvarps höfundar telja að með þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér muni aðkoma og yfirsýn íslenskra stjórnvalda aukast með viðskiptum með sjávarafurðir.

Það er síðasta atriðið hér að ofan sem vekur mesta athygli og verður að gera sérstakar athugasemdir við að séu eitt af aðalmarkmiðum frumvarps sem er lagt fram á Alþingi. Viðskiptaráð hafnar hugmyndum um að ríkið stýri með eins beinum hætti og ofangreint frumvarp gerir ráð fyrir sölu og vinnslu sjávarafla. Eins og áður hefur komið fram í umsögnum ráðsins þá er það mat ráðsins að það fiskveiðistjórnunarkerfi sem er til staðar þjóni hagsmunum þjóðarinnar vel. Grunnur þess kerfis er frjálsræði þeirra sem með fiskveiðiheimildir fara og möguleikar þeirra til að hámarka verðmæti afla.

Þessu til stuðnings skal benda á að í lögum um stjórn fiskveiða kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að fiskveiðistjórnunarkerfið hafi til að bera þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að útgerðir geti hagrætt í rekstri og fengið sem mest verðmæti út úr leyfilegum fiskafli. Það er mat undirritaðrar að fiskveiðistjórnunarkerfið, eins og það er í dag, tryggi einnig markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar að fiskveiðar séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu um leið sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Ofangreint frumvarp felur í sér innleiðingu nýs kafla í lög um umgengni um nytjastofna sjávar sem kveða á um sölu sjávarafla. Þar er kveðið á um að mest allur sjávarafli, undanskilið er rækja, humar og uppsjávarfiskur, sem veiddur er í lögsögu landsins skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði. Sú undantekning er á þessari reglu að heimilt er að selja afla í beinum viðskiptum til innlendra fiskvinnslu, en verð ræðst þó af skráðu markaðsverði. Um leið fellir frumvarpið úr gildi heimildir til handa ráðherra til að heimila að afla sé landað í erlendum höfnum eða fluttur óveginn úr landi sé hann seldur erlendis. Breytingin gerir einnig ráð fyrir undantekningu á banni við sölu utan innlands markaðs þegar um er að ræða fullunnin frystan afla og er í ákvæðinu skilgreining á hvað getur talist til slíks afla, enda til lítils að kveða á um innlenda vinnslu á fullunnum afla.

Frumvarpið felur sem sagt í sér mikla takmörkun á vali útgerða á því hvert þeir selja afla sinn og leggur á þá skýra kvöð um að selja á innlendum markaði. Ekki verður séð hvernig þetta geti verið á nokkurn hátt

hagkvæmari lausn fyrir þjóðfélagið en sú að þeir útgerðarmenn sem um ræðir ráði áfram sjálfir hvar og hverjum þeir selja afla sinn. Eins og áður hefur komið fram hlýtur það að vera útgerðaraðilinn sem er best hæfur til að hámarka verðmæti aflans og þannig skila sem mestum tekjum í þjóðarbúið. Með atvinnustefnu sem þeirri sem ofangreint frumvarp felur í sér er verið að takmarka verulega möguleika á hámarksverðmæti, sem ætti að vera það markmið sem stefnt er að.

Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að með frumvarpinu sé með beinum hætti verið að sporna við því að hærra verð hefur boðist á erlendum mörkuðum en þeim innlendum sem hefur dregið úr samkeppnismöguleikum þeirra innlendu. Með öllu óskiljanlegt er hvernig höfundar frumvarpsins komast að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að setja fram aðgerðir sem lækka verð fyrir íslenskan sjávarafra. Ekki verður með nokkru móti séð hvernig það geti verið íslensku þjóðarbúi til hagsbóta að minnka verðmæti innan einnar grunnstoðar landsins.


Sú undantekning sem sett er á sölu á innlendum mörkuðum, þ.e. að heimild sé að selja beint til innlendarar fiskvinnslu, er háð þeirri takmörkun að markaðsvirði skuli ráða. Með þessu er verið að takmarka möguleika á að aðili geti samið um hagstæðari verð fyrir afla en ella og er beinlínis tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að það sé tilgangur ákvæðisins. Með þessu er fyrirbyggja og afskiptasemi stjórnvalda að ná ótrúlegum hæðum, enda verið að taka yfir algera stjórn á sölumarkaði fyrir sjávarafra.

Ekki er fyrir ákvæði í lögnum ákvæði sem leggur kvaðir á sölu sjávarafra. Í III.kafla laganna er kveðið á um takmarkanir á löndun afla og segir þar að öllum afla skuli landað í innlendum höfnum. Eins og áður sagði veita lögin undanþágur á þessari reglu á grunni heimildar ráðherra, en frumvarpið fellir þá heimild niður.

Ofangreint frumvarp virðist vera tilraun til að ýta undir atvinnusköpun hér á landi, sem er í sjálfu sér góðra gjalda verð, en missir því miður sjónar á því sem skiptir þjóðarbúið mestu máli sem er verðmætasköpun..

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands